
Franski málarinn Jaques Monory er einn af frumkvöðlunum í evrópskri popplist og bar einna hæst í röðum listmálara á 7. áratugnum. Verk hans eru títt á alþjóðlegum sýningum og einkasýningum í Evrópulöndum og New York. ELÍN PÁLMADÓTTIR hitti Jaques Monory þar sem hann var að setja upp á Kjarvalsstöðum sýningu á verkum sínum sem verður opnuð á laugardag.

MYNDIN ER MÉR RÁÐGÁTA



Morgunblaðið/Kristinn

FRANSKI málarinn Jacques Monory á Kjarvalsstöðum.

SÝNINGIN á Kjarvalsstöðum ber yfirskriftina Kuldi, en flestar myndirnar hafa titilinn Ráðgáta. Við göngum um salinn, sem er þrískiptur, þar sem hallast upp að veggjum gríðarstórar myndir *og hins vegar 48 myndir sem verða hengdar* upp í samfellu. Öll eru verkin unnin á sl. þremur árum. Manory kveðst mála mikið í myndasyrpum. Þarna er hann að fjalla um „Ráðgátuna", bæði í sýningunni sem heild og í sérstakri myndaröð innan hennar.

Til skýringar flettum við í gegn um stóra og mikla bók um feril hans frá 1955 til 1986, með myndum og greinum og aftast eru margra blaðsíðna listar með sýningum hans, myndum, uppákomum og kvikmyndum sem hann hefur gert frá 1965 og fram undir þetta. En tvær myndavélar með myndböndum um hann og eftir hann verða í gangi á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Fyrsta syrpan í bókinni er frá 1968 og ber heitið „Dauði". Þá hafði listamaðurinn verið á Kúbu sem varð nokkurt áfall. „Það voru þessar myndir sem gerðu mig þekktan um alla Evrópu," segir hann blátt áfram. Hann hafði að vísu verið í listaskólum og sýnt áður í París, en tímamót urðu við sýninguna í Nútímalistasafninu í París. Þar sló hann í gegn og það varð upphafið á frægðarferli hans. Myndirnar vöktu mikla athygli eftir þessa sýningu í Þýskalandi, á Ítalíu, og yfirleitt um alla Evrópu.

Upp úr því var Monory stjarnan í myndlistarheiminum, og ásamt Erro í broddi fylkingar hinnar nýju poppstefnu, sem tók við af Parísarskólanum, með nýja realismanum og frásagnamálverkinu. Hann kvaðst hafa tekið þátt í 67-bylgjunni, sem m.a. lét til sín taka um Víetnamstríðið, svo sem sjá má af næstu myndasyrpu hans frá árunum 1969-71. Upp úr því sýndi hann í New York og gerði þá líka myndafilmur. Það kallar á spurningu um muninn á evrópskri og ameríkri popplist. Monory segir einn þáttinn í þeim mun vera að í Ameríku beindist popplistin að því að vera lofgjörð um neyslumenninguna, eins og hún birtist í amerísku samfélagi, þó svolítið bregði að vísu fyrir gagnrýni líka. En í Evrópu sé hún alltaf gagnrýni á samfélagið. Hann sjálfur og félagar hans máluðu á gagnrýnum nótum og það gerir hann enn. Þótt hann sýndi í New York, tekur hann Evrópu auðheyrilega fram yfir.

Í draumkenndum bláma

Jaques Monory hefur málað ýmis mikilvæg verk sem sýna að hann hefur fundið sér nútímaform til að mála söguna. Hann kveðst alltaf segja sögu, túlka veruleikann á hverjum tíma. „Heimurinn er stórkostlegur og hræðilegur í senn. En það sem ég vil segja er að ef til vill sé hann viss blekking, okkur sé að dreyma. Þessvegna nota ég mjög oft bláan lit í myndunum mínum, eins og þú sérð hér í miðrýminu á sýningunni og jafnvel í myndböndunum. Það er litur draumsins. Þarna er syrpa lögregluéða sakamálamynda og þó þar sjáist títt byssur og ýmislegt skelfilegt er það í draumkenndum bláum lit. Ef að er gáð má finna í þeim flestum fólk að faðmast. Meira að segja hér í horninu mig sjálfan að kyssa konuna mína," segir hann kíminn.

Í syðsta hluta salarins eru m.a. þrjár gríðarstórar myndir. Hann segir tilefni þeirra spurningu sem beint var til hans: Hvaða ósk áttu fyrir framtíðina? Fyrsta myndin heitir „Í gær" og sýnir eindahraðal, þar sem slíkir ógnarhverflar breytast með ógnahraða og úreldast. Næsta mynd er „Nútíminn" og sú síðasta nefnist „Á morgun". Þar er lifandi kominn draumurinn um að allt verði eitt blómskrúð.

„Áður málaði ég markvisst, þar sem hvert einstakt málverk hafði skýra merkingu. Núna mála ég án þess að vita hvernig myndin verður endanlega. Þessvegna kalla ég þetta ráðgátur, myndirnar búa yfir merkingu sem ég næ ekki að gera mér grein fyrir nema að hluta til. Myndin er mér ráðgáta. Ég skil æ minna í því af hverju ég geri hana. Má segja að það sé í senn raunsæi og óraunsæi. Ég nýti mér raunveruleikann til að sýna skortinn á raunveruleika hlutanna. Nota raunsæið til að skilja óraunsæið, ef svo má segja," segir hann.

Monory er þekktur fyrir að gera myndir sem *eru hugsaðar eins og sakamálaráðgátur í anda* leynilögreglusagna. Eins og tíðarandinn var á sjöunda áratugnum var hann í upphafi ferils síns upptekinn af skelfingum Víetnam-stríðsins, sem svo leiddi með tímanum inn í frásagnamálverk í anda lögreglumynda. Voru poppaðar upp í sakamálasögur með heimspekilegum hugmyndum, ef svo má orða það.

Jaques Monory hefur undanfarin 30 ár átt sinn fasta sess í sýningarsölum hjá hinu þekkta galleríi Maeght og myndir hans má jafnan sjá á samsýningum og einkasýningum víðsvegar um Evrópu. Nú er stór sýning í Pompidou-safninu þar sem hann kemur við sögu. Einnig skipar hann sinn sess í stórri sögulegri sýningu sem nefnist „Málverkið í Frakklandi". En hvernig stóð á komu þessarar stóru sýningar hans til Íslands? Hann segir að Erro hafi kynnt hann fyrir Gunnari Kvaran á Kjarvalsstöðum, en þeir höfðu áhuga á að sýna á Íslandi þetta tímabil í myndlistinni sem lítið hafði verið kynnt hér. „Þeir vildu fá mann eins og mig til að fylla það skarð," sagði málarinn að lokum.

ÞESSI STÓRI HIMINN, ÞESSI VÍÐI SJÓNDEILDARHRINGUR

Barbara Westman heitir bandarísk listakona sem heimsótti Ísland síðastliðið haust í stuttan tíma og varð fyrir svo miklum áhrifum að hún málaði fjölda mynda af landinu. Myndirnar verða til sýnis á Kjarvalsstöðum næstu vikur. ÞRÖSTUR HELGASON hitti hana þar og ræddi við hana um heimsóknina.


BARBARA Westman kom til Íslands í fyrsta skipti síðastliðið haust ásamt eiginmanni sínum, Arthur Danto heimspekingi, en hann hélt fyrirlestur við Háskóla Íslands um list Andy Warhol. Þessi Íslandsferð segir Barbara að hafi verið sér bæði mikil og ógnvekjandi reynsla.

„Það var svo margt hérna sem fangaði athygli mína að það var nánast ógnvekjandi. Ferðin frá Keflavík til Reykjavíkur varð mér eins konar opinberun. Ég sá allt í einu að hverju ég hafði verið að leita í verkum mínum undanfarin ár; þessi stóri himinn, þessi víði sjóndeildarhringur. Sá sem er búsettur í New York sér nefnilega aldrei nema út í næsta vegg, það sést einungis öðru hverju glitta í bláan himin á milli byggginganna.

Hörð, grimm og hrá fegurð

Þessi ferð um klukkan hálf sjö að morgni í septembermánuði var stórfengleg. Það var dimmt og gríðarlegur himinn yfir úfnu hrauninu sem tók á sig ýmsar kynjamyndir. Litirnir voru göldróttir; purpuragrátt, djúpdökkt og öskurgrænt. Rigningin lamdi bílinn að utan en aldraður bílstjórinn lét sér hvergi bregða og sigldi okkur yfir svart malbikið.

Þetta land er ekki fallegt í sama skilningi og aldingarðurinn Eden, fegurð þess er hörð og grimm og hrá; maður skynjar að þetta er erfitt land, maður skynjar miðaldirnar og söguna – maður finnur fyrir þessu öllu í hverju skrefi. Kannski er ég næmari fyrir þessum hlutum vegna þess að ég er komin af norrænu fólki."



BARBARA Westman. Morgunblaðið/Þorkell

Landslagsárátttan

Barbara fékkst lengi við að hanna og teikna bókakápur en kunnust er hún sennilega fyrir að hafa verið einn af aðalteiknurum tímaritsins *The New Yorker*. „Ég teiknaði forsíðumyndina á *The New Yorker* lengi vel en fékk svo nóg af því vegna þess að ég þurfti að fá meira rými; forsíðan var hamlandi, maður var alltaf að teikna lóðrétt og gat aldrei þanið myndina út. Ég hætti því hjá tímaritinu og fór að mála aftur.

Brátt fór svo landslagsárátttan að segja til sín og þegar ég kom hingað blossaði hún upp. Þegar ég kom heim til New York málaði ég sextán málverk á hálfum þriðja sólarhring. Það varð eins konar eldgos, ég var eins og Geysir og sletturnar fóru út um allt – ekki bara á pappírinn."

Og veðrið!

„Þessi langa lína í fjarlægð með einstaka fiskiþorpi, húsi, skýi, goshver – stórir pollar og vatnsflákar – rigningin sem steyptist yfir okkur. Minningin um allt þetta fór á pappírinn. Hreini blái liturinn er ríkjandi, ýmiss blæbrigði fjólubláa litarins, grænt.

Það vakti athygli okkar Arthurs þegar við komum hingað núna að litirnir voru allt aðrir en í haust; það var allt svart, grátt og hvítt. Og mig langaði helst til þess að fara að mála aftur, mála þessi nýju litbrigði. Þetta land er dásamlegt, stöðugum breytingum undirorpið. Og veðrið! Það breytist á augnabliki. Við erum búin að vera hérna í nokkra klukkutíma og höfum þegar séð að minnsta kosti þrjátíu tegundir veðrabrigða. Ég hlakka til að móta þetta allt í mynd þegar ég kem heim."